

# Áhersluatriði dómara nefndar 2025.

## Mótmæli gagnvart dómurum

- Hefur uppi mótmæli með orðum eða látæði t.d. sveiflar höndum.
- Ögrandi hegðun í garð dómara.

## Dómurum ber að áminna fyrir slíka hegðun

## Hópögranir eða hópast um dómara

- Við hópögranir ber að lágmarki að sýna einum leikmanni úr hvoru liði gula spjalðið.
- Gerist leikmenn sekir um að hópast í kringum dómara með mótmæli eða til þess að reyna að hafa áhrif á ákvörðun hans (t.d. með því að heimta gult eða rautt spjald á mótherja) ber dómara að **áminna a.m.k. einn þeirra** sem þannig haga sér (oftast þann sem hefur sig mest í frammi). Því til viðbótar ber að **áminna hvern þann leikmann sem leggur á sig langa leið til þess að koma mótmælum sínum á framfæri.**

## Óíþróttamannsleg hegðun

T.d. leiktafir

- Sparka/kasta bolta burt eftir að leikur hefur verið stöðvaður
- Taka bolta og fara með hann
- Fara fyrir og eða hindra töku aukaspyrnu

## Dómurum ber að áminna fyrir slíka hegðun

## Boðvangur

Taka ber á allri ósæmilegri/óábyrgri hegðun þeirra sem eru á tæknisvæðinu. Sama hvort að um sé að ræða varamenn eða aðila úr starfsteymi liðanna. Einungis einum aðila er heimilt að standa fram í boðvangi í einu og þá einungis til að koma á framfæri taktískum fyrirmælum til sinna leikmanna.

**Fyrirliði – Dómari samvinna. Ef markvörður liðs er fyrirliði skal liðið tilnefna leikmann fyrir leik sem á að vera í samskiptum við dómara. Tilkynna verður dómara fyrir leik hver þessi leikmaður er.**

- Aðeins fyrirliða er heimilt að nálgast og vera í samskiptum við dómara. Skal hann koma fram af kurteisi og háttvísi.
- Fyrirliði ber ábyrgð á því að aðrir leikmenn liðsins virði þessa reglu og sýni dómarateyminu virðingu. Leikmenn séu ekki að hópast í kringum dómarann.
- Leikmaður annar en fyrirliðinn sem ekki fer eftir þessari reglu og nálgast dómara með mótmælum eða sýnir af sér óíþróttamannslega hegðun **skal áminntur**.

Áhersluatriði þessi gilda fyrir knattspyrnumót KSÍ árið 2025 og taka gildi við upphaf lengjubikars.

**Dómaranefnd KSÍ**